



Metfjöldi sviptur sjálfræði í fyrra

Alls voru 26 karlar og 21 kona svipt sjálfræði í fyrra og eru það nær tvöfalt fleiri en árinu áður. Í tölum frá innanríkisráðuneytinu um fjölda sjálfræðissviptinga síðastliðin fimm ár kemur fram að sjálfræðissviptingar á tímabilinu voru flestar í fyrra. Geðhjálp vill breyta lögum um sjálfræðissviptingar og segir frá dæmi af manni sem var sjálfræðissviptur í 28 ár, þar af í tíu ár án lögráðamanns.



Við viljum að í lengstu lög sé reynt að komast hjá sjálfræðissviptingum og höfum unnið að því í gegnum árin.

Alls voru 47 einstaklingar sviptir sjálfræði á síðasta ári og er það metfjöldi á síðustu fimm árum. Í tölum sem innanríkisráðuneytið tók saman fyrir Fréttatímamann kemur í ljós að nær tvöfalt fleiri voru sviptir sjálfræði árið 2013 en árið áður, 26 karlar og 21 kona, miðað við 7 karla og 12 konur árið áður. Sjálfræðissviptingar eru flestar tilkomnar vegna alvarlegra geðsjúkdóma og er beitt í kjölfar neyðarvistarar á sjúkrahús.

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpur, segir að þessi aukning komi ekki alveg á óvart enda hafi félagið fengið óvenjumörg erindi inn á sitt borð er varða sjálfræðissviptingu að undanförunu og alveg sérstaklega eftir að Geðhjálp hélt ráðstefnu um málið í janúar. „Við viljum að í lengstu lög sé reynt að komast hjá sjálfræðissviptingum og höfum unnið að því í gegnum árin. Raunar felst langtíma markmið okkar í því að útrýma algjörlega nauðung í geðheilbrigðisþjónustu. Auk heilsunnar er frelsið og sjálfræðið eitt það mikilvægasta sem fólk á. Það á ekki að svipta fólk frelsi nema það sé raunverulega hættulegt sjálfum sér eða öðrum,“ segir Anna Gunnhildur. Hún bendir á að í

SJÁLFRÆÐISSVIPTINGAR

2013
Samtals 47
Karlar 26
Konur 21

2012
Samtals 26
Karlar 7
Konur 12

2011
Samtals 34
Karlar 19
Konur 15

2010
Samtals 16
Karlar 9
Konur 7

2009
Samtals 29
Karlar 18
Konur 11

gildandi lögum um sjálfræðissviptingar sé ekki gerð krafa um að viðkomandi eða aðrir séu í hættu þó svo að ákvæðið hafi verið að finna í eldri lögum. Geðhjálp tekur nú þátt í óformlegri vinnu á vegum innanríkisráðuneytisins um endurskoðun á lögum um sjálfræðissviptingar og hefur bent á að ýmis ákvæði í gildandi lögum stangist á við alþjóðlega sáttmála og dóma Mannréttindadómstóls Evrópu frá samþykkt laganna árið 1997.

Í núgildandi lögum er hægt að svipta fólk sjálfræði ótímabundið, allt frá 6 mánuðum. „Við höfum gagnrýnt það að sjálfræðissviptingar séu ótímabundnar og að þær ætti að minnsta kosti að endurskoða reglulega eins og gert er víða í nágrenna löndunum. Við höfum fengið upplýsingar um að maður, sem hafði verið sviptur sjálfræði í 28 ár, komst að því þegar hann fór til nýs geðlæknis sem fór að kanna mál hans að lögráðamaður mannsins hafi látist fyrir tíu árum. Hann hafði þá verið lögráðamannslaus í áratug án þess að vita af því sjálfur,“ bendir Anna Gunnhildur á.